

Umsögn Sveins Ólafssonar

[Sveinn Ólafsson](#)

Umsögn birt **20.02.2026**

Við yfirlestur skýrslu þá kemur hvergi fram í henni efnagreining á sýnum sem voru mæld, aðeins geislavirkni dótturefna voru mæld. Eðlilegt er að sýnin hafi verið efnagreind að fullu til að sjá alla hrörnunarkeðjuna. Þessi skýrsla er þá Gullstandardinn í þessum málum á Íslandi hér eftir. SIMS er líklega besta aðferðin.



Skipulagsstofnun (kt.: 5902695149)

Borgartúni 7b

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2026

202602427 04.00 Almennt - Leyfisveitingar og eftirlit

Efni: Reykjanesvirkjun: meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni Umhverfismatsskýrsla – umsögn

Samkvæmt lögum um geislavarnir (44/2002) er „Framleiðsla, innflutningur, útflutningur, eign, geymsla, afhending, notkun, endurvinnsla, endurnýting og förgun geislavirkra efna, hvort sem efnin eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, er háð leyfi Geislavarna ríkisins.“. Útflutningur geislavirks úrgangs er að auki háður leyfi móttökuríkis.

HS Orka hefur tímabundna heimild til hreinsunar og geymslu útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni. Ótímabundið leyfi er háð því að fundin verði viðunandi lausn til framtíðar á geymslu eða förgun útfellinga.

Í umhverfismatsskýrslu HS Orku er komist að þeirri niðurstöðu að umhverfisáhrif þeirra valkosta sem lagðir eru fram varðandi meðferð og förgun útfellinga frá Reykjanesvirkjun séu óverulega neikvæð. Geislavarnir ríkisins telja, með hliðsjón af þeim geislavirku samsætum sem finnast í útfellingunum og væntanlegu magni þeirra að þessi niðurstaða sé raunhæf. Skýrslan leggur þó ekki fram greiningar eða rökstuðning sem styðja slíka niðurstöðu með fullnægjandi hætti.

Umfjöllun skýrslunnar beinist að mestu að rekstrartíma virkjunarinnar og takmarkast við einfaldar athuganir á mögulegum áhrifum vegna meðferðar útfellinga við núverandi rekstrarforsendur. Í skýrslunnni er takmörkuð umfjöllun um gerð og eiginleika geislavirku efnanna í útfellingunum, m.a. er mat á því hvenær útfellingarnar teljast ekki lengur geislavirkar byggt á röngum forsendum.

Skýrslan inniheldur enga greiningu á mögulegum umhverfisáhrifum á geymslutíma útfellinganna. Þar er hvorki lagt mat á það magn geislavirks úrgangs sem ætlað er að geyma né fjallað um óvissuþætti sem kunna að tengjast langtímageymslu, svo sem niðurbroti íláta eða geymsluaðstöðu, né um mögulegar afleiðingar þess fyrir heilsu manna og umhverfið á geymslutímanum eða áform um mælingar til staðfestingar á því að áætlanir standist. Þá er lítið fjallað um hvort geymsla eigi að vera óvirk eða undir eftirliti né um áskoranir sem rekstur langtímageymslu kann að fela í sér.

Það er mat Geislavarna ríkisins að umhverfismatsskýrslan fjalli ekki með fullnægjandi hætti um mörg þeirra atriða sem tiltekin voru í álit Skipulagsstofnunar:

Nr	Skilyrði í álit Skipulagsstofnunar	Mat Geislavarna ríkisins á því hvernig HS Orka hefur brugðist við álit Skipulagsstofnunar í umhverfismatsskýrslu (Tafla 8.3)
1	Í umhverfismatsskýrslu þarf að skýra ítarlega frá tilhögun hreinsunar, skilgreina nákvæmlega staðsetningu fyrirhugaðs hreinsunarsvæðis og gera grein fyrir hvernig staðið verður að afmörkun áhrifasvæðis og vöktun til að fylgjast með geislun á nærliggjandi svæði. Einnig þarf að gera grein fyrir nálægð við aðra starfsemi og landnotkun.	Ekki er ítarlega fjallað um tilhögun hreinsunar. Í kafla 6.5 er farið yfir framkvæmd hreinsunar á útfellingunum úr lögnum og persónuvarnir. Það vantar hinsvegar nánari umfjöllun um búnað og lagnir sem eru með þunnt lag af geislavirkum efnum sem ekki er hægt að hreinsa burt með háþrýstipvotti. Ekki er reynt að meta magn þessa úrgangs eða hversu örugg geymsla þeirra er. Vöktun er heldur ekki gerð nógu góð skil,
2	Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegu magni geislavirkni sem starfsfólk og almenningur geta orðið fyrir vegna útfellinganna. Einnig þarf að gera grein fyrir þeim áhrifum sem geislavirku efnin sem greinst hafa í útfellingum Reykjanesvirkjunar, þ.e. blýsamsæta (Pb-210) og pólonisamsæta (Po-210) geta haft á lífríki og heilsu manna ef magn yfir viðmiðunarmörkum berst út í umhverfið. Ennfremur þarf að gera grein fyrir hvernig fylgst verður með magni geislaamengunar og til hvaða aðgerða verður gripið ef geislavirkni í umhverfi mælist yfir viðmiðunarmörkum.	Mögulegri dreifingu geislavirkra efna út í umhverfið og áhrifum þess á lífríkið eru ekki gerð fullnægjandi skil í skýrslunni. Í skýrslunni er magn geislavirkra efna sem tengist rekstrartíma virkjunarinnar einungis metið með mjög almennum og takmörkuðum hætti, og engin áætlun er sett fram um það magn geislavirkra efna sem fyrirhugað er að geyma til langs tíma. Slík áætlun er þó grundvallarforsenda fyrir því að hægt sé að leggja raunhæft mat á mögulegar afleiðingar fyrir umhverfi og heilsu manna, bæði á rekstrartíma og á geymslutíma. Jafnframt er í skýrslunni ekki gerð greining á hugsanlegum umhverfisáhrifum á geymslutíma útfellinganna. Þá er umfjöllun um vöktun geislavirkni í umhverfi takmörkuð. Í skýrslunni er hvorki fjallað um tæknilegar né stjórnsýslulegar áskoranir sem kunna að fylgja vöktun á mögulegri geislaamengun yfir svo langan tíma sem um ræðir (allt að 200 ára geymslutímabil).
3	Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir innihaldi jarðvegstíppsins, hvernig mælingum á geislavirkni hefur verið hagað og hvernig áformað er að standa að eftirliti og umgengni um svæðið.	Ekki er gerð nógu góð grein fyrir innihaldi jarðvegstíppsins (þ.e.a.s. heildarmagni geislavirka útfellinga), eftirliti né umgengni um hann.
4	Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir öryggi geymslu geislavirks úrgangs í plastkerum.	Geislavarnir ríkisins telja jafnframt að umfjöllun um öryggi geymslu geislavirku útfellinganna sé ábótavant. Það eina sem fram kemur um ílátin er að þau verði lokað. Í skýrslunni er ekki fjallað um langtímaþol úrgangsiláta, né um hvaða afleiðingar það gæti haft ef ílát rofna eða veikjast á geymslutímanum. Einnig vantar umfjöllun um langtímaeiginleika geymslurýmisins sjálfs og hvernig tryggja eigi að það uppfylli öryggiskröfur yfir allan geymslutímann. Þá skortir jafnframt greiningu á mismunandi sviðsmyndum sem gætu haft áhrif á öryggi geymslunnar og mögulegum afleiðingum þess að efnin dreifist, fyrir umhverfi og heilsu manna.
5	Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir og bera saman valkosti varðandi endanlega förgun úrgangsins. Gera þarf grein fyrir raunhæfni kynnta kosta og hvaða skilyrði þarf að uppfylla varðandi flutning til Noregs og Þýskalands. Enn fremur þarf að gera grein fyrir áætluðum flutningsleiðum á landi fyrir alla valkosti. Varðandi valkost um urðun á Álfnesi þarf í umhverfismatsskýrslu að gera grein fyrir forsendum til að heimila urðun geislavirks úrgangs í Álfnesi, sem	Geislavarnir ríkisins vilja vísa til samningsins <i>Joint Convention on the Safety of Spent Fuel Management and on the Safety of Radioactive Waste Management</i> , sem Ísland er aðili að. Samkvæmt samningnum ber hver samningsaðili ábyrgð á öruggri meðferð og förgun geislavirks úrgangs sem myndast innan lögsögu hans, þótt samningurinn útiloki ekki alfarið útlutning geislavirks úrgangs.

	kallar á undanþágu frá reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, og meta áhrif urðunar úrgangsins á aðra landnotkun og framtíðarþróun svæðisins. Jafnframt þarf að gera ítarlega grein fyrir hvaða áhrif flutningur getur haft á íbúa og samfélag, byggt á hættumati m.t.t. óhappa og náttúruvár.	Jafnframt vilja Geislavarnir ríkisins benda á að útflutningur geislavirkra efna er leyfisskyldur. Ef geislavirk efni eru send erlendis til förgunar eða langtímageymslu er skilyrði að viðtökuland hafi raunverulega getu til að taka við úrganginum og að viðkomandi geymslu- eða förgunarstaður uppfylli viðeigandi alþjóðlega staðla um öryggi við meðferð og geymslu geislavirks úrgangs. Túlkun, sem fram kemur í kafla 5.3 í umhverfismatsskýrslunni á skýrslu Geislavarna ríkisins frá 1996, er ekki rétt. Ef litið er til þeirra geislavirku efna sem um ræður þá telur stofnuninn líklegt að hægt væri að urða þessar útfellingar hér á landi þannig að lítil sem engin hættu yrði á geislaengun. Hinsvegar heimilar núverandi lagarammi það ekki.
--	---	---

Eins og framangreindar athugasemdir bera með sér er enn töluvert verk fyrir höndum áður en Geislavarnir ríkisins geta veitt leyfi fyrir langtímageymslu geislavirkra efna.

F.h. Geislavarna ríkisins,

Gísli Jónsson - GR
Sérfræðingur



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
B.t. Jón Smári Jónsson
Borgartún 21
105 Reykjavík

Reykjanesbæ 26. mars 2026

Efni: Reykjanesvirkjun: meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni, umhverfismatsskýrsla. Mnr. 207/2026. Umsögn HES.

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, dags. 17. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar í skipulagsgátt stofnunarinnar um umhverfismatsskýrslu um meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni við Reykjanesvirkjun.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er útgefandi starfsleyfis og eftirlitsaðili jarðvarmavirkjanna HS orku hf á Suðurnesjunum. Um tvær jarðvarmavirkjanir eru að ræða. Annarsvegar Reykjanesvirkjun þar sem gildistími starfsleyfis er frá 05.05.2020 til 05.05.2032 og hinsvegar Svartsengisvirkjun þar sem gildistími starfsleyfis er frá 25.05.2023 til 25.05.2035. Í starfsleyfisskilyrðum fyrir báðar rekstrareiningarnar eru skýr ákvæði um á að fylgja skuli fyrirmælum Geislavarna Ríkisins þegar kemur að geislavirkum úrgangi. Fulltrúar embættisins hafa ekki viðhaft sérstakt eftirlit með þessum þætti að öðru leyti en að fá upplýsingar um magn á árlegum samráðsfundum með HS orku. Embættið hefur ekki yfir að ráða sérþekkingu um geislavarnir né býr yfir öryggisbúnaði, mælum eða öðrum áhöldum til að geta haft eftirlit eða leiðbeint um meðhöndlun geislavirkvirs úrgangs og leggur því á það áherslu að það er á fulla ábyrgð handhafa starfsleyfis að fylgja fyrirmælum frá Geislavörnum Ríkisins líkt áður hefur komið fram.

Á nokkrum stöðum í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að losun á umræddum úrgangi hafi átt sér í stað á jarðvegstipp við Reykjanesvirkjun sem og er það nefndur sem núllkostur að farga úrganginum (útfellingunum) þar áfram. Þessu til viðbótar er getið á um á bls. 24 að ef engin geislun mælist í útfellingum er þeim komið fyrir á jarðvegstipp/landmótunarsvæðis. Af samhengi í gögnunum að dæma er þar verið að vísa til landmótunarsvæði við Reykjanesvirkjun enda engin annar losunarstaður tilgreindur.

Í starfsleyfi HS orku hf fyrir Reykjanesvirkjun er m.a. leyfi fyrir fyrrgreindu landmótunarsvæði þar sem gert var gert ráð fyrir losun eða geymslu jarðvegs vegna framkvæmda innan athafnarsvæðis starfsleyfishafa með þeim möguleika á að endurnýta jarðveg í tengd verkefni fyrir starfssemina inna athafnarsvæðisins. Samkvæmt leiðbeiningum UOS um endurnýtingu úrgangs í fyllingar sem gefnar voru út í apríl 2024 á hugtakið landmótun sér ekki stoð í umhverfislöggjöfinni og á þar af leiðandi ekki lengur við. Sem næst því hugtaki sem áður var landmótunarsvæði (jarðvegstippur) í starfsleyfum er nú fylling. Frekari útskýringar og kröfur um fyllingar er a finna á eftirfarandi hlekk:

https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Endurn%C3%BDting_%C3%BArgangs_%C3%AD_fyllingar.pdf.

Forsvarsaðilum HS orku hf var gert kunnugt á samráðsfundi 2025 að í eftirliti með starfseminni árið 2024 hafi komið í ljós að landmótunarsvæðið samsvaraði orðið meira til urðunarstað jarðefna en fyllingarsvæði eða millilager, þar sem mikil losun kísils hafi átt sér í stað á svæðinu og væri það efni sem ekki væri hæft til endurnýtingar eða fyllingar. Um væri að ræða úrgang sem fyrirtækið þyrfti að losa sig við og gilda um það aðrar reglur. Í framhaldinu var forsvarsaðila HS orku hf bent á að UOS væri útgefandi starfsleyfis fyrir urðunarstaði og að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gæti ekki heimilað frekari losun á umræddu svæði. UOS hefur verið gert kunnugt um þetta atriði.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja leggur þar að leiðandi til að öll áform um losun hverskyns efna á það svæði sem nefnt er jarðvegstíppur í skýrslunni verði endurskoðað eða tekið út enda liggja engar heimildir eða leyfi til losunar útfellinga eða annarskonar efna á umræddi svæði.

Vakin er athygli máli 256 á 157. löggjafarþingi um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála. Þingleg meðferð málsins er nú á lokastigi og þess að vænta að leyfisveiting og opinbert eftirlit með þeim virkjunum sem hér eru til umfjöllunar muni færast til Umhverfis- og orkustofnunar á næstu vikum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst geta átt við hlutverk og starfssvið embættisins. Staðhættir og upplýsingar í framlögðum gögnum gefa ekki tilefni til að embættið geri frekari athugasemdir eða ábendingar við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllt,



J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.

Skipulagsstofnun
Bt. Jóns Smára Jónssonar

Dags. 30.03.2026
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2026-0064

Með erindi dags. 18. febrúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um umhverfismatsskýrslu til kynningar um Reykjanesvirkjun vegna meðferðar og förgunar útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Áform HS Orku felast í meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni úr lögnum frá borholum í Reykjanesvirkjun. Aðalvalkostur HS Orku felur í sér geymslu útfellinganna á athafnasvæði HS Orku, ýmist í lokuðum ílátum í kjallara skiljustöðvar eða að steypa þær inn í lokað rými. Annar valkostur er að flytja útfellingarnar út af athafnarsvæði HS Orku með flutningabíl og síðan erlendis, líklega gegnum höfnina í Helguvík.

Fjallað er um náttúruvá á framkvæmdasvæði í kafla 7. Svæðið sem er til umfjöllunnar er útsett fyrir eldfjallavá. Veðurstofa Íslands vann langtímahættumat vegna eldfjallavár fyrir svæðið árið 2023 og þar er m.a. fjallað um loftborna eldfjallavá (gasmengun og gjóskufall) (https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2023/Reykjanes_BAO_ofl_VI_2023_003.pdf, [ReykjanesGreinagerð Final BAO ofl 2023_01_20230828.pdf](#)). Veðurstofa Íslands leiðir nú verkefni um uppfært hættumat og áhættumat fyrir allan Reykjaneskaga þar sem sérstaklega verður fjallað um jarðskjálftavá, sprunguvá, hrauna-, gasmengunar og gjóskuvá. Niðurstöður hraunvár verða birtar í næsta mánuði (apríl 2026).

Niðurstaða umhverfismatsskýrslunnar er að umhverfisáhrif beggja valkosta séu óverulega neikvæð m.t.t. allra umhverfispátta sem teknir eru fyrir, þar á meðal vatnshlot og vatnsvernd. Veðurstofa Íslands telur að þessi niðurstaða sé raunhæf hvað varðar vatnshlot og vatnsvernd en tekur jafnframt undir athugasemdir Geislavarna ríkisins um að rökstuðningur HS Orku fyrir þessari niðurstöðu sé ekki fullnægjandi. Ekki er gert grein fyrir mögulegu magni forgangsefna (t.d. blý) sem gæti borist úr útfellingum í grunnvatn, hvort sem það væri við geymslusvæði, framkvæmdasvæði eða á flutningsleið. Það er mat Veðurstofu Íslands að áætlunum HS Orku varðandi vöktun efnafræðilegra áhrifa geislavirkra útfellinga á grunnvatnshlot sé ábótavant.

Kafla 8.8 fjallar um álit Skipulagsstofnunnar um matsáætlun frá árinu 2017. Samkvæmt skilyrði nr. 3 skal HS Orka gera grein fyrir innihaldi jarðvegstípps þar sem útfellingum var safnað saman fyrir árið 2015, ásamt því að gera grein fyrir hvernig áformað er að standa að eftirliti og umgengni um svæðið. Það er mat Veðurstofu Íslands að ekki er gerð nógu góð grein fyrir innihaldi jarðvegstíppsins m.t.t. forgangsefna sem kunna að hafa áhrif á grunnvatnshlot. Auk þess er ekki minnst á eftirlit eða umgengni um svæðið.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. mars 2026

Málsnúmer: 202602-0058

IAS

Efni: Reykjanesvirkjun, meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni.

Vísað er til erindis skipulagsstofnunar frá 18. febrúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu HS orku um meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni við Reykjanesvirkjun.

Áform HS orku felast í meðferð og förgun á útfellingum með aukna náttúrulega geislavirkni (NORM) úr lögnum frá borholum Reykjanesvirkjunar. Hreinsun eigi sér stað við reglubundið viðhald þar sem efnið sé fjarlægt á afmörkuðum hreinsiplönum, en aðalvalkostur framkvæmdaraðila felst í að hýsa úrganginn í aðgangsstýrðu rými í kjallara skiljustöðvarinnar, annaðhvort í lokuðum ílátum eða með því að steypa hann inn í lokað rými.

Áætlað sé að um 0,3–4 m³ af útfellingum falli til árlega og sé meginmarkmiðið að tryggja fyllsta öryggi starfsmanna og umhverfis á meðan nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt til að viðhalda rekstri virkjunarinnar. Þótt flutningur úr landi hafi verið skoðaður, sé staðbundin geymsla talin öruggasta leiðin til að lágmarka hættu á að geislavirk efni berist í jarðveg, lífríki eða grunnvatn á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskýrsluna og vill taka fram að stofnunin býr ekki yfir sérþekkingu um náttúrulega geislavirkni og umgengni og meðhöndlun geislavirks úrgangs en kemur með eftirfarandi ábendingar út frá starfssvið stofnunarinnar.

Fyrirhugað geymslusvæði (valkostur A) og fyrirhugað flutningsleið (valkostur B) eru utan friðaðra svæða en innan svæðis 106: Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, á C-hluta Náttúru-minjaskrár eins og fram kemur í matsskýrslunni.

Fyrirhugað flutningsleið liggur einnig að svæði 107: Ósar, á C-hluta náttúru-minjaskrár.

Náttúrufræðistofnun hefur einnig tilnefnt Öngulbrjótsnef, fjörur og grunnsævi frá Kirkjuvogsbás undir Valahnúkum norður að Mölvíkurboða við Litlu-Sandvík, á B-hluta náttúru-minjaskrár vegna fjöruvistgerða og tvö svæði í nálægð við fyrirhugaða flutningsleið eru einnig tilnefnd á B-hluta: Kalmanstjörn-Garðskagi sem er tilnefnt vegna fjöruvistgerða, fugla og sela, og Ósabotnar sem er tilnefnt vegna vistgerða og fugla.

Útfellingar voru urðaðar í jarðvegstipp fram til ársins 2015 þegar geislun mældist fyrst. Fram kemur að engin geislavirkni hafi mælst í og við jarðvegstippinn árið 2018 en ekki er nein umfjöllun um það hvernig gengið verður frá jarðvegstippnum til að tryggja að svo verði áfram.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

Jón Smári Jónsson - HMS

From: Guðjón Bragason <gudjon@grindavik.is>
Sent: mánudagur, 13. apríl 2026 12:37
To: Skipulag - HMS; Jón Smári Jónsson - HMS
Cc: Atli Geir Júlíusson; Sigurður A. Kristmundsson
Subject: Viðbrögð Grindavíkurbæjar: Ítrekun um beiðni um umsögn - Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni

You don't often get email from gudjon@grindavik.is. [Learn why this is important](#)

Góðan dag,

Grindavíkurbær hefur kynnt sér gögn málsins.

Grindavíkurbær vísar til umsagna fagstofnana sem borist hafa í samráðsgátt en telur að öðru leyti ekki tilefni til athugasemda.

F.h. Grindavíkurbæjar,
Guðjón Bragason lögfræðingur

From: Sigurður A. Kristmundsson <sigurdura@grindavik.is>
Sent: mánudagur, 13. apríl 2026 12:30
To: Guðjón Bragason <gudjon@grindavik.is>; Atli Geir Júlíusson <atli@grindavik.is>
Subject: FW: Ítrekun um beiðni um umsögn - Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni

Kveðja

*Sigurður A Kristmundsson
Hafnarstjóri / Innviðasvið*

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust
Sími/Tel. (+354) 426 8046 & 660 7305
sigurdura@grindavik.is
www.grindavik.is



From: Grindavíkurbæjar - Aðalpósthólf <grindavik@grindavik.is>
Sent: 13 April 2026 10:25
To: Sviðsstjórar <Svidsstjorar@grindavik.is>

Subject: FS: Ítrekun um beiðni um umsögn - Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni

Eggert Sólberg Jónsson

Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs

Director of recreation and culture

Grindavík

Frá: Jón Smári Jónsson - HMS <jon.smari.jonsson@hms.is>

Sent: mánudagur, 13. apríl 2026 09:41

Til: Grindavíkurbæjar - Aðalpósthólf <grindavik@grindavik.is>; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; Umhverfis- og orkustofnun - UOS <uos@uos.is>; vinnueftirlit@ver.is

Efni: Ítrekun um beiðni um umsögn - Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni

You don't often get email from jon.smari.jonsson@hms.is. [Learn why this is important](#)

Góðan dag,

Ég minni á beiðni Skipulagsstofnunar, nú Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar dags. 17. febrúar síðastliðinn, um umsögn varðandi Umhverfismatsskýrslu um meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni, sjá mál nr. 207/2026 í Skipulagsgátt. Umsagnarfrestur var til 1. apríl sl. Umsögnin óskast send hið fyrsta á netföngin: skipulag@hms.is og jon.smari.jonsson@hms.is

<https://skipulagsgatt.is/issues/2026/207>

Bestu kveðjur

Jón Smári

Jón Smári Jónsson - HMS

From: Sverrir Aðalsteinn Jónsson - UOS <sverrir.jonsson@uos.is>
Sent: þriðjudagur, 14. apríl 2026 12:57
To: Jón Smári Jónsson - HMS
Subject: Fs: Ítrekun um beiðni um umsögn - Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni

Sæll Jón Smári.

Umhverfis- og orkustofnun hyggst ekki veita umsögn um þetta verkefni.

Bestu kveðjur, Best regards
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri, Team Leader
Teymi leyfa og umsagna, Team for Permits and Reviews



Umhverfis- og orkustofnun / Icelandic Environment and Energy Agency
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000

Frá: Sigurbjörg Yngvadóttir - UOS <sigurbjorg.yngvadottir@uos.is>
Sent: þriðjudagur, 14. apríl 2026 12:03
Til: Sverrir Aðalsteinn Jónsson - UOS <sverrir.jonsson@uos.is>
Efni: Fw: Ítrekun um beiðni um umsögn - Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni

UOS-4156

Bestu kveðjur | Best regards
Sigurbjörg Yngvadóttir
Skjalastjóri
Teymi gæðamála



Umhverfis- og orkustofnun | Icelandic Environment and Energy Agency
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
+354 569 6000
www.uos.is

From: Jón Smári Jónsson - HMS <jon.smari.jonsson@hms.is>
Sent: Monday, April 13, 2026 9:41 AM
To: grindavik@grindavik.is <grindavik@grindavik.is>; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; Umhverfis- og orkustofnun - UOS <uos@uos.is>; Vinnueftirlitið - VER <vinnueftirlit@ver.is>
Subject: Ítrekun um beiðni um umsögn - Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni

Þú færð ekki oft tölvupóst frá jon.smari.jonsson@hms.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Góðan dag,

Ég minni á beiðni Skipulagsstofnunar, nú Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar dags. 17. febrúar síðastliðinn, um umsögn varðandi Umhverfismatsskýrslu um meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni, sjá mál nr. 207/2026 í Skipulagsgátt. Umsagnarfrestur var til 1. apríl sl. Umsögnin óskast send hið fyrsta á netföngin: skipulag@hms.is og jon.smari.jonsson@hms.is

<https://skipulagsgatt.is/issues/2026/207>

Bestu kveðjur
Jón Smári



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

14. apríl 2026
202602-0096/A.B.

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Umhverfismatsskýrsla Reykjanesvirkjun: Meðferð og förgun útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni, Grindavíkurbær og Reykjanesbær - Skipulagsstofnun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar hreinsunar, geymslu, flutnings og förgunar geislavirkra útfellinga sem myndast við rekstur Reykjanesvirkjunar.

Framkvæmdarlýsing

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að við reglubundið viðhald Reykjanesvirkjunar myndist útfellingar í borholutoppum, safnæðum og tengdum búnaði sem fjarlægðar eru við hreinsun. Hluti efnisins hefur mælst með aukna náttúrulega geislavirkni og telst því til opinna geislalinda sem lúta sérstökum kröfum um meðferð og geymslu. Áætlað er að um 0,3–4 m³ af slíkum útfellingum falli til árlega.

Fyrirhugað er að útfellingunum verði safnað í lokuð ílát og þær geymdar tímabundið á skilgreindu geymslusvæði innan iðnaðarsvæðis virkjunarinnar þar til tekin hefur verið ákvörðun um endanlega förgun. Í skýrslunni kemur fram að meginmarkmið framkvæmdarinnar sé að tryggja öryggi starfsmanna og koma í veg fyrir að geislavirk efni berist út í umhverfið við nauðsynlegt viðhald og rekstur virkjunarinnar.

Til skoðunar eru mismunandi valkostir varðandi endanlega förgun efnisins, þar á meðal flutningur til viðurkenndra móttökustaða innanlands eða erlendis. Framkvæmdin felur því fyrst og fremst í sér hreinsun búnaðar, söfnun og tímabundna geymslu útfellinga í lokuðum ílátum, flutning innan virkjunarsvæðis og síðar flutning til endanlegrar förgunar.

Jarðvegstíppur

Í greinargerð segir að árið 2018 mældu Geislavarnir ríkisins geislavirkni í og við jarðvegstíppinn og sýndu niðurstöður mælinga að engin geislun var mælanleg frá honum. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að meta hvort liggja þurfi fyrir reglubundin vöktun til að fylgjast með mögulegri dreifingu efna frá svæðinu, einkum með tilliti til jarðvegs og grunnvatns. Í ljósi þess þarf að meta hvort þörf sé á frekari aðgerðum, svo sem hreinsun, brottflutningi efnis eða öðrum úrbótum, komi í ljós að mengun sé til staðar.

Loks bendir Náttúruverndarstofnun hvort þurfa þyki að jarðvegstíppurinn verði afmarkaður og skilgreindur í skipulagi með tilliti til varúðarsjónarmiða, þannig að tryggt sé að landnotkun og umgengni á svæðinu taki mið af mögulegri mengunarhættu til framtíðar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri